



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
við afhendingu Íslensku þýðingaverðlaunanna**

**Gljúfrasteini
23. febrúar 2024**

Ágætu þýðendur,
fulltrúar Bandalags þýðenda og túlka,
kæru gestir!

Við erum í vanda stödd. Við höfum áhyggjur. Við óttumst það sem verða vill. Eða hvað? Ég hef hér í huga framtíð íslensks máls, tungumáls sem hefur verið talað á þessu landi í meira en þúsund ár. Alls kyns ógnir steðja að, alls kyns breytingar sem hljóta að hafa áhrif – alþjóðavæðing afþreyingar og yfirburðir enskrar tungu á þeim vettvangi, fjöldi fólks sem flytur hingað að utan, vinnur störf sem vinna þarf en kann ekki málið frá fyrsta degi eins og gefur að skilja, andvaraleysi eða áhugaleysi fullmargra sem veldur því að skilti, matseðlar og hvaðeina er bara á ensku en ekki íslensku – og svo mætti áfram telja.

Ekki vil ég gera lítið úr öllu þessu – öllum þessum *áskorunum* svo að maður noti nú hugtak sem hefur komist í tísku undanfarin ár. Það þykir víst ögn jákvæðara en orð eins og vandræði eða vandi, eða kannski klandur, klípa eða kröggur, ólán eða óstand, vesaldómur – eða jafnvel *vesen*, en þá færi maður reyndar úr öskunni í eldinn, veki upp gamlan danskan draug.

Já, það er verk að vinna. Það verður alltaf verk að vinna að halda lífi í máli okkar. Samt vil ég nú vera bjartsýnn – nú eða jákvæður og fullur kapps og vonar. Sjáið, heyrið og lesið hvernig ungt fólk slettir ekki bara heldur leikur sér með málið, rappar eða rymur á íslensku og semur ljóð, að vísu ekki undir fornyrðislagi eða með samræmdri stafsetningu fornri, en tjáir sig samt á þessari tungu.

Málið þróast og breytist og hefur alltaf gert það. Það þróast og breytist vegna þess að það er notað, vegna þess að samfélag okkar þróast og breytist og

sömuleiðis vegna áhrifa að utan. Sú saga er gömul og ný og sú saga snýst öðrum þræði um mikilvægi þýðinga, gamalla sem nýrra.

Ágætu áheyrendur: Mér hlotnast sá heiður hér í dag að afhenda Íslensku þýðingaverðlaunin. Ekki er að orðlengja að þau hlýtur Jón Erlendsson fyrir þýðingu sína á *Paradísarmissi* Johns Miltons. Ég rek senn rökstuðning dómnefndar en leyfi mér fyrst að nefna að nú eru um sjö ár frá því að ég afhenti þessi góðu verðlaun í fyrsta sinn. Þá eins og nú voru þau veitt fyrir nýja íslenskun gamals verks, þýðingu Hallgríms Helgasonar á *Óþelló* Shakespeares. Ætíð hef ég notið þessarar ljúfu stundar hér á Gljúfrasteini og óska ykkur öllum, sem lifið og hrærist í heimi bókmennta, þýðinga og bókaútgáfu, alls velfarnaðar. Umsögn dómnefndar hljóðar svo:

Það er hvorki lítið verk né létt sem Jón Erlendsson tekst á hendur er hann þýðir á okkar tungu *Paradísarmissi* Miltons, eitt af höfuðverkum heimsbókmenntanna, undir frumhættinum. Flest höfum við haft nokkur kynni af þessu verki í þýðingu Jóns á Bægisá sem þýddi undir þýðingarhætti síns tíma, fornryðislaginu. Sú þýðing er góð, en hún er barn síns tíma og setur nútíma lesendur oft í nokkurn vanda. Nú ber að fagna því að ný þýðing hefur lítið dagsins ljós og þar er ekki kastað til höndunum. Margir hafa saknað þess að hafa ekki undir höndum nákvæma þýðingu undir frumhættinum, stakhendunni, rímlausum hætti þar sem hver lína geymir 11 atkvæði, en að íslenskri hefð með rími og stuðlum. Texti hinnar nýju þýðingar er afar nákvæmur og læsilegur og sýnir oft mikla hugkvæmni þýðandans. *Paradísarmissir* á enn erindi við okkur; þar er lýst baráttu góðs og illis sem aldrei tekur enda, því spillingin leikur enn lausum hala. Lúsifer er ekki af baki dottinn. Þýðing Jóns Erlendssonar er ekki aðeins eljuverk, heldur afreksverk. Við höfum fengið stórvirki í hendur.

Undir það skal tekið hér og nú. Ég bið Jón Erlendsson að koma hingað og taka við Íslensku þýðingaverðlaununum.